

2104020 - Haukabrekka, deiliskipulag

Fyrir liggur tillaga að nýju deiliskipulagi í landi Haukabrekku í Stóra-Langadal en skipulagssvæðið afmarkast af Stóru-Langadalsá til vesturs og brekkurótum Grásteinsfjalls að austan og nær yfir bæjarstæði Haukabrekku og nánasta umhverfi þess.

Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið með sjö frístundalóðum frá 1999 á frístundasvæði merkt (F2). Hið nýja fyrirhugaða deiliskipulag felur í sér breytta afmörkun lóðanna og í einu tilfelli nýja staðsetningu. Núgildandi deiliskipulag verður fellt úr gildi með gildistöku nýs deiliskipulags.

Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 22. júní til 4. ágúst sl. og bærust fjórar umsagnir frá lögboðnum aðilum þ.e. frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands og sveitarfélaginu Borgarbyggð.

Sveitarfélagið Borgarbyggð og Vegagerðin gera ekki athugasemdir við tillöguna.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á í umsögn sinni að tryggja þurfi að verndarsvæði fyrirhugaðs vatnsbóls sé staðsett í skipulagi. Skipulagsnefnd áréttar að samkvæmt tillögunni verður neysluvatn tekið úr lind sem er vestan við svæðið, í hlíðum Grásteinsfjalls og er því utan skipulagssvæðis. Nefndin telur því réttast að vísa afgreiðslu þessarar athugasemdir til þeirrar vinnu sem nú á sér stað við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur einnig æskilegt að hreinsimannvirki fyrir skólp séu staðsett á skipulagsuppdrætti. Skipulagsnefnd bendir á leiðbeinandi staðsetningu hreinsivirkja á skipulagsuppdrætti.

Minjastofnun gerir í umsögn sinni kröfu um að minjastaðir sem fundust við vettvangskönnun og voru mældir upp og skráðir verði settir inná skipulagsuppdráttinn ásamt 15 metra verndarsvæði. Ákvæði verði sett inn um að þessum minjum megi ekki raska.

Tekið hefur verið tillit til þessara ábendinga frá Minjastofnun og hafa ný minjasvæði og ný uppmæling þekktra minna ásamt 15 metra helgunarsvæðis verið færð inn á uppdrátt.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstórn Dalabyggðar að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bærust vegna málsins á fullnægjandi hátt að mati nefndarinnar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.